

L Ö G

um skattfrelsi Sonningsverðlauna Halldórs Laxness.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Verðlaun Sonnings, sem Halldóri Laxness voru veitt í Danmörku snemma árs 1969, skulu undanþegin tekjuskatti og útsvari.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um afréttamálefni, fjallskil o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Hver sýsla er fjallskilaumdæmi, er skiptist í fjallskiladeildir eftir hreppum, nema sýslunefnd hafi fallizt á aðra skiptingu.

Kaupstaður telst til fjallskilaumdæmis þeirrar sýslu, sem kaupstaðarlandið hefur áður legið undir, og er sérstök fjallskiladeild innan þess.

2. gr.

Sýslunefnd hefur á hendi yfirstjórn allra afréttar- og fjallskilamála í sínu umdæmi, en hreppsnefnd eða bæjarstjórn annast stjórn og framkvæmd þeirra í hverri fjallskiladeild. Þar sem tvö eða fleiri sveitarfélög eru ein fjallskiladeild, hafa sveitarstjórnir þeirra í sameiningu á hendi stjórn og framkvæmd fjallskilamála í því upprekstrarfélagi, eftir því sem nánar er ákveðið í fjallskilasamþykkt eða af sýslunefnd.

3. gr.

Í fjallskilasamþykkt, er sýslunefnd setur, skal kveðið á um réttindi manna og skyldur að því er varðar afnot afrétta og annarra sameiginlegra sumarbeitslanda,